



**18. Fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
föstudaginn 23. janúar 2015, kl. 17:00.**

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 5. janúar 2015
- b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 2014
- c) Stjórnar SSNV frá 4. desember 2014
- d) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 11. desember 2014

2. Málsnr. 1501002 – Bréf frá Skipulagsstofnun frá 19. desember 2014

3. Málsnr. 1411017 – Erindi frá Jónasi Skaftasyni frá 20. nóvember 2014

4. Málsnr. 1501007 – Samstarfssamningur SEEDS og Blönduósbæjar

5. Málsnr. 1501006 – Bréf frá Kvennréttindafélagi Íslands

6. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 5. janúar 2015

Lögð fram til kynningar

- b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 2014

Lögð fram til kynningar

- c) Stjórnar SSNV frá 4. desember 2014

Umræður urðu um lið 4 í fundargerð. Byggðaráð felur sveitarstjóra að kanna stöðu mála varðandi ráðningu atvinnuráðgjafa á Blönduósi.

Lögð fram til kynningar

- d) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 11. desember 2014

Lögð fram til kynningar

2. Málsnr. 1501002 – Bréf frá Skipulagsstofnun frá 19. desember 2014



Skipulagsstofnuin óskar eftir umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem auglýst er til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011.

Byggðaráð felur sveitarstjóra ásamt tæknideild að kanna hvort að tilefni sé til athugasemda af hálfu Blönduósbæjar.

3. Málsnr. 1411017 – Erindi frá Jónasi Skaftasyni frá 20. nóvember 2014

Sótt er um stækkun lóðar Blöndubbyggðar 11 að fuglaskoðunarhúsi og fjölga húsum í 6 hús og tjaldsvæði.

Byggðaráð felur byggingafulltrúa að kanna möguleika þess að koma til móts við umsækjenda vegna umsóknar um stækkun lóðar Blöndubbyggðar 11 en bendir á að tjaldsvæði er ekki á skipulagi og kemur því ekki til greina.

4. Málsnr. 1501007 – Samstarfssamningur SEEDS og Blönduósbæjar

Lögð fram drög að samningi milli Sjálfbóðaliðasamtaka SEEDS og Blönduósbæjar þar sem SEEDS sjálfbóðaliðar taki þátt í umhverfisverkefnum í samstarfi við Blönduósbæ.

Byggðaráð samþykkir samninginn en hann felur í sér að 8-10 sjálfbóðaliðar á vegum samtakanna muni starfa m.a. við íþróttamót, viðburði og umhverfisverkefni.

5. Málsnr. 1501006 – Bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands

Kvenréttindafélag Íslands hefur áhuga á að setja upp sýningu í samstarfi við sveitarfélagið Blönduós í apríl 2015.

Byggðaráð vísar erindinu til menningar-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar.

6. Önnur mál

Rætt var um niðurstöðu Óbyggðanefndar um málefni þjóðlendna í sveitarfélaginu Blönduósbæjar. Stefnt er að fundi með Stefáni Ólafssyni og Valgarði Hilmarssyni um niðurstöðu Óbyggðanefndar fimmtudaginn 29. janúar.

Fundi slitið 18:20

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign)